

## Svar við fyrirspurn

**Til:** Borgarráðs

**Frá:** Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni:** Svar um leiðrétt gjöld vegna þjónustuskerðingar vegna Covid-19

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst þann 4. júní 2020, um leiðrétt gjöld vegna þjónustuskerðingar vegna Covid-19. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort Reykjavík hafi nú þegar leiðrétt gjöld vegna niðurfellingu eða skerðingar þjónustu leik- og grunnskóla og frístundaheimilis í Covid-19 aðstæðunum. Flokkur fólksins lagði til í upphafi faraldursins 26. mars að í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustuna vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Vitað er að önnur sveitarfélög hafa nú þegar gert þessar leiðréttingar, en spurt er hvernig það gengur hjá Reykjavík? Er þessi ákvörðun komin í fulla framkvæmt? Ástæða spurningarinnar er að einhverjir foreldrar hafa sagt að þau hafi ekki fengið leiðréttinguna. Það á einnig við um sjálfstætt starfandi leikskóla sem hafa ekki allir fengið skýr svör.“

Þann 27. ágúst 2020 var viðauki lagður fyrir borgarráð vegna viðbótarframlaga til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum Covid-19. Þar er lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um sem nemur 14.100 þ.kr. vegna viðbótarframlagsins til samræmis við aðgerðir vegna borgarrekinna leikskóla. Vísað er til framlagðra skjala frá 27. ágúst 2020 sem frekara svar við þessari fyrirspurn.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

*Hjálagt:*

Viðauki við fjárhagsáætlun 2020 – aðgerðir vegna Covid-19 – R20010161

Borgarráð

## Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

### Aðgerðir vegna COVID-19

#### 1. Viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum COVID-19

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 14.100 þ.kr. vegna viðbótarframlags til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimilda vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum COVID-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af handbæru fé.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
		Handbært fé	Frá -14.100
SFS	xxx	Lækkuð gjaldtaka leikskóla- og frístundaheimila v. Covid	Til 14.100
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu og fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu er að hagnaður ársins 2020 lækkar um 14.100 þ.kr. og sjóðsstreymi í árslok lækkar um sömu fjárhæð. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

#### **Greinargerð:**

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2020, liður 17, mál R20050275, Tillaga um viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku þeirra af foreldrum reykvískra barna af völdum COVID-19.

*Dagur B. Eggertsson*